

Heimavellir hf.

Hluthafafundur

Stjórn Heimavalla hf. boðar til hluthafafundar í félaginu og verður hann haldinn þann 30. ágúst 2019 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, sal 4 og 5, Nauthólsvegi 52, 101 Reykjavík, og hefst hann kl: 09:00.

Dagskrá

Dagskrá fundarins er svobljóðandi:

1. Setning fundarins, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Uppgjörskynning fyrir 2. ársfjórðung 2019.
3. Tillaga um kaup félagsins á eigin hlutum og endurkaupaáætlun.
4. Önnur mál.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Einnig getur hluthafi falið umboðsmanni sínum að sækja fyrir sig fundinn og skal hann þá leggja fram skriflegt og dagsett umboð sem gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega rafræna kröfu til félagsstjórnar (erlendur@heimavellir.is) með nægilega miklum fyrirvara til að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Atkvæðagreiðslur um þau mál sem eru á dagskrá hluthafafundar verða einungis skriflegar á fundinum ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta þó óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist á heimili félagsins fimm dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna á heimili félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á hluthafafundinn á fundarstað frá kl. 08:30 á fundardegi.

Göng vegna fundarins eru aðgengileg á skrifstofu félagsins í Lágmúla 6, 108 Reykjavík og á vefsvæði tengdu hluthafafundinum á heimasíðu félagsins:

www.heimavellir.is/is/fyrir-fjarfesta/hluthafafundur, endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengilegar a.m.k. 21 dögum fyrir hluthafafund á heimasíðu félagsins.

Reykjavík 6. ágúst 2019

Stjórn Heimavalla hf.